

5. Ýmisleg útgjöld <sup>7</sup> . . . . .	» » »	<b>140</b>
6. Til jafnaðar móti tekjulið <sup>8</sup> . . . . .	» » »	30. nóv.
7. . . . . <sup>9</sup> . . . . .	» » »	
8. Í sjóði hinn . . . . .	» » »	
	Alls » » »	

### Jafnaðarreikningur

sparisjóðsins í . . . . . í lok reikningstímabilsins . . . . .

#### Aktiva.

1. Skuldabryf fyrir lánum:		
a. fasteignarveðskuldabryf . . . . .	» » »	
b. sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryf . . . . .	» » »	
c. skuldabryf fyrir lánum gegn annari trygging <sup>1</sup> . . . . .	» » »	» » »
2. Konungleg ríkisskuldabryf . . . . .	» » »	
3. . . . . <sup>2</sup> . . . . .	» » »	
4. Útistandandi vextir, áfallnir við lok reikningstímabilsins . . . . .	» » »	
5. Í sjóði . . . . .	» » »	
	Alls » » »	

#### Passiva.

1. Innlög . . . . . samlagsmanna <sup>3</sup> alls . . . . .	» » »	
2. Varasjóður . . . . .	» » »	
3. Fyrirfram greiddir vextir, sem eigi áfalla fyrr en eptir lok reikningstímabilsins . . . . .	» » »	
4. . . . . <sup>4</sup> . . . . .	» » »	
5. Til jafnaðar móti tölulið 5 í aktiva . . . . .	» » »	
	Alls » » »	

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um húsaskatt af 141 bræðsluhúsum.** — Jafnframt því að senda yður hjer með, herra sýslumaður, 30. nóv. jarðabókarsjóðsávisun fyrir 18 kr., sem er upphæð reiknings þess yfir kostnað við húsavirðingar á Akureyri, er þjer senduð mjer með þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., skal jeg út af fyrirspurn yðar í nefndu brjefi taka fram, að enginn vafi getur leikið á því, að þegar hús eru virt til húsaskatts, á að virða þau með öllu múr- og naglföstu, og er engu meiri heimild til að sleppa úr virðing-

7) t. d. kostnaður við innheimtu lána, endurborgaðir fyrirframgreiddir vextir af lánum o. fl.

8) ef þess þarf með.

9) sje um fleiri útgjaldaliði að ræða, en komnir eru á undan »í sjóði«

1) hjer undir vixillán, keyptar ávisanir, handveðslán og þess háttar.

2) önnur aktiva, ef nokkur eru, svo sem innstæða í bankanum; þó má ekki telja áhöld með.

3) í eyðunni ber að greina tölu þeirra, er fje eiga inni í sjóðnum (tölu viðskiptabóka)

4) önnur passiva, ef nokkur eru, svo sem lán, er sjóðurinn kann að hafa tekið, koma þeir hjer.

**141** unni innmúruðum pottum, hvort heldur þeir eru hafðir til þvotta eða bræðslu, 30. nóv. heldur en innmúruðum ofnum og eldstóm. Það er þannig ekki rjett, að hafa sjerstaka virðingu á innmúruðum bræðslupottum í bræðsluhúsum Höepfnersverzlunar og undanskilja þá skatti, heldur ber að virða húsin í heild sinni og heimta húsaskatt eptir virðingarverði húsanna eins og þau koma fyrir, með öllu mür- og naglföstu.

**142** *Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu* 30. nóv. **um skyldu póstgufuskipanna til þess að greiða afgreiðslugjald á Vestmannaeyjum.**— Með brjefi þessu var þar að lútandi fyrirspurn sýslumannsins svarað svo, að samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl 1854 verði ekki heimtað, að skipstjórnarnir sendi skipsskjölin í land, og greiði afgreiðslugjald þó að póstskipin staðnæmist í nánd við eyjarnar og hafist þar við litla hríð til þess að ljúka pósterindum sínum og koma af sjer og taka við farþegum og flutningi, án þess að akkerum sje varpað, með því að eigi verði álitid, að skipin með þessu *hafni sig* við eyjarnar, heldur að eins þegar í höfn er farið, eða þau leggjast akkerisföst að eyjunum.

**143** *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.*— 29. des. Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 5. okt. þ. á. og samkvæmt beiðni prestsins að Hofi í Álptafirði, síra Jóns Finnssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki 2000 króna embættislán uppá nefnt prestakall til endurbyggingar Hálskirkju við Hamarsfjörð, er fauk og brotnaði í spón í ofviðri 9. marz þ. á., þannig að lánið ávaxtist og endurborgist á 28 árum af tekjum prestakallsins, að svo miklu leyti sem kirkjunnar eigin tekjur ekki hrökkva til; þó er lántökuleyfið bundið því skilyrði, að helmingur lánsins verði ekki útborgaður fyr en sannað er með lögmætri skoðunargjörð, að kirkjubyggingin sje vel af hendi leyst. Lánið mun geta fengizt af landssjóði þegar þar að lútandi ráðstafanir verða gjörðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður og herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.